

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrarkaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 895/2003 með síðari breytingum.**

1. gr.

2. tölul. 6. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra, sbr. 63. gr.

2. gr.

11. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og annarra æðstu stjórnenda bæjarins, sbr. 61. og 63. gr.
2. Mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar, sbr. 6. gr., og bæjarstjóri, bæjarfulltrúar eða nefndir vilja taka á dagskrá. Óski bæjarfulltrúi eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna bæjarstjóra það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu fyrir kl. 11.00 föstudaginn fyrir bæjarstjórnarfund. Nefnd sem vill vísa máli til bæjarstjórnar skal hafa skilað samþykkt um það í frágenginni fundargerð fyrir kl. 13.00 á fimmtudegi fyrir bæjarstjórnarfund.
3. Fyrirspurnir frá bæjarfulltrúum sem lagðar hafa verið fram með öðrum dagskrármálum sbr. 2. tölulið.
4. Fundargerðir nefnda til kynningar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða nefnda, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Áður en skilafrestur tillagna um dagskrármál skv. 2. tölul. rennur út skal birta bæjarfulltrúum með rafrænum hætti skrá yfir fundi nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 59. gr., sem haldnir hafa verið frá því að skilafrestur rann síðast út. Skoðast skráin sem viðauki við dagskrá, sbr. 3. tölul.

3. gr.

Við 42. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Í sumarleyfi bæjarstjórnar má kalla aðra frambjóðendur af sama framboðslista sem varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs fulltrúa, aðalmenn og varamenn, í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og kýs formenn og varaformenn.

5. gr.

55. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn er heimilt að fela embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 54. gr. Heimild þessi skal sett í erindisbréf viðkomandi nefndar og embættismanna sem málið heyrir undir og sem staðfest er af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna en viðkomandi nefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi nefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Nr. 251

17. febrúar 2009

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. samþykktarinnar:

a) 6. tölul. A-liðar verður svohljóðandi:

Skólanefnd. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Auk þess fer nefndin með málefni tónlistarskóla.

b) 1. tölul. C-liðar verður svohljóðandi:

Almannavarnaneftnd Eyjafjarðar. Prír aðalmenn og þrír til vara, sbr. 9. gr. laga um almanna-varnir nr. 82/2008.

c) 8. tölul. C-liðar fellur niður.

d) Númer töluliða C-liðar breytast í samræmi við þessa breytingu.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlagra nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 17. febrúar 2009.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2009